

Fundur háskólaráðs Landbúnaðarháskóla Íslands 13. júní 2017, Keldnaholti kl. 17:00

Mætt: Björn Þorsteinsson, Hilmar Janusson, Bjarni Stefánsson, Margrét Gísladóttir, Hafdís Hanna Ægisdóttir, Helena Guttormsdóttir og Þuríður Lillý Sigurðardóttir sem var í síma.

Dagskrá:

1. Samþykkt dagskrá og fundarboðun með afbrigðum vegna styttri fyrirvara.

2. Skil formanns valnefndar Skúla Skúlasonar á álitum vegna ráðningar nýs rektor fyrir skólann. Formaður fylgdi skýrslu úr hlaði, niðurstöður voru ræddar ítarlega. Ákveðið var að fylgja skýrslunni eftir með frekari úrvinnslu ráðsins með sérstökum fundardegi þann 29.júní n.k. og fékk rektor umboð til að undirbúa þá vinnu og boða viðeigandi aðila á þann fund. Það var jafnframt ákveðið að halda fullum trúnaði um framvindu málsins þar til það verður að fullu til lykta leitt.

3. Önnur mál.

Eftirfylgni við sérstakan aukafund háskólaráðs frá 6.6.2017 í málefnum þar sem rektor er vanæfur vegna vensla. Rektor vék af fundi undir þessum lið en deildarforseti auðlinda- og umhverfisdeildar kom inn á fundinn. Ráðið ákvað að leita eftir stjórnsýslulegum ráðleggingum vegna málsins.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 20:30

BÞ ritaði fundargerð